

Nd.

277. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1945 með viðauka.

(Lagt fyrir Alþingi á 63. löggjafarþingi, 1944.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt til ársloka 1945 að innheimta með 40% viðauka vitagjald, þær aukatekjur ríkissjóðs, sem eru taldar í lögum nr. 27 27. júní 1921, I.—VI. kafla, og stimpilgjald samkvæmt lögum nr. 75 27. júní 1921, og síðari lögum, sem hafa ákvæði um stimpilgjald.

2. gr.

Viðaukann skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um 40%, en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1945.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta er samhljóða lögum nr. 67 1943 að öðru leyti en því, að lögin gilda fyrir árið 1944.